Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Ævintýraborg Vogabyggð

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 5
4. Starfsþróunarsamtöl 6
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 6
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 7
7. Foreldrasamstarf 7
8. Skipulagsdagar 7
9. Innra mat deilda og sérkennslu 2025-2026 8
9.1 Innra mat Útskálar 2025-2026 8
9.2 Innra mat Vík 2025-2026 9
9.3 Innra mat Strönd 2025-2026 9
9.4 Innra mat Birkibær 2025-2026 10
9.5 Innra mat Bali 2025-2026 11
9.6 Innra mat sérkennslu 2025-2026 12
10. Umbótaáætlun: 13
10.1 **Umbótaáætlun yngri deilda 2026-2027** 13
10.2 **Umbótaáætlun eldri deilda 2026-2027** 14
10 Umsögn foreldraráðs 15

1. Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn hefur gengið afar vel og aðlögun nýrra barna gekk mjög vel. Þakka ber bæði starfsfólki og foreldrum fyrir gott samstarf á því tímabili. Foreldrafélagið stóð fyrir skemmtilegum viðburðum yfir veturinn, meðal annars piparkökumálun, sveitaferð og að fá Krakkahesta í heimsókn. Mikil ánægja var meðal barnanna með þessa viðburði og stóð upp úr heimsókn Krakkahesta þar sem allir fengu að fara á hestbak.

Áætlað var að fá hund frá Rauða krossinum í reglulegar heimsóknir til okkar í vetur, en því miður veiktist hún Nala og gat ekki komið til okkar. Við vonumst þó til að geta boðið slíkar heimsóknir aftur næsta vetur og munum leita leiða til að gera það að veruleika.

Í vor fórum við í starfsmannaferð til Selfossar sem heppnaðist einstaklega vel. Þar heimsóttum við leikskólann Jötunheima og tókum þátt í útikennslunámskeiði sem nefnist *Færni til framtíðar*. Ferðin reyndist bæði fræðandi og hvetjandi og mun án efa nýtast okkur í áframhaldandi þróun á starfinu.

Við útskrifuðum sex nemendur nú í vor og var það í fyrsta sinn sem við útskrifum nemendur sem hófu leikskólagöngu sína hjá okkur. Þess má einnig geta að á næsta ári verður útskriftarhópurinn 17 nemendur, sem er afar ánægjulegt.

Starfsfólk leikskólans hefur sýnt mikinn metnað í símenntun. Í vetur voru tveir starfsmenn í námi, annars vegar í meistaranámi í leikskólakennarafræðum og hins vegar í uppeldis- og menntunarfræði. Einnig sótti einn starfsmaður fagnámskeið hjá Eflingu. Í haust mun þessi hópur stækka þegar einn starfsmaður hefur leikskólakennaranám, sem við fögnum sérstaklega. Slík fagleg þróun styrkir starfið og eykur gæði þess.

Á komandi skólaári munum við leggja áherslu á að vinna að gerð námskrár fyrir leikskólann okkar. Helstu áherslur okkar hafa verið útikennsla og hreyfing, og munum við halda áfram að efla þann þátt í starfinu.

Í lok ágúst verður síðan sjötta deildin opnuð sem markar mikilvæg tímamót fyrir leikskólann okkar, því þá verður skólinn fullsetinn í fyrsta sinn frá opnun.

Að loknu skólaári vil ég færa starfsfólki, börnum og fjölskyldum þeirra innilegar þakkir fyrir veturinn. Samstarfið hefur gengið vel og jákvætt viðhorf hefur lagt grunn að öflugu starfi. Fram undan er spennandi skólaár og ég hlakka til að halda áfram að þróa faglegt leikskólastarf með velferð barnanna að leiðarljósi. Jafnframt hlakka ég til áframhaldandi samstarfs við þennan frábæra starfsmannahóp sem sýnir daglega metnað og fagmennsku í störfum sínum.

Takk fyrir veturinn. 😊

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Aðlögun	Rætt á deildarstjórafundi	Deildarstjórar	Við ákváðum að byrja á þriðjudegi í stað mánudags til þess að stytta aðeins aðlögunar-vikuna.
Matsalur	Á starfsmannafundi	Starfsmenn	Breyttum uppsetningu og skiptingu. Meira flæði og færri börn í einu.
Uppákomudagar	Deildarstjórafundi	Deildarstjórar	Eftir hvern viðburð eru þeir endurmetnir og skoðað hvað mætti gera betur.

Ytra mat

Ekki fór fram Ytra mat á síðasta skólaári.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni.** Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat							
Handleiðsla deildarstjóra	Halda áfram að innleiða stefnu Reykjavíkurborgar um handleiðslu í starfi fyrir deildarstjóra	Ekki náðist að setja inn reglulega handleiðslu fundi. Aðstoðarl. hittir deildarstjóra nokkrum sinnum á önn, marvisst	Aðstoðar-leikskólastjóri	Sept ´26	Maí ´27	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið.	Öruggari og faglegri deildarstjórar
Námskrágerð	Vinna að gerð á Námskrá	Setja saman teymi sem vinna með ákveðna hluta.	Stjórnendur	Sept ´26	Maí ´27	Mánaðarlegir fundir þar sem farið er yfir hvað sé búið að gera hverju sinni.	Meiri markviss vinna í starfinu.

4. Starfsþróunarsamtöl

Deildarstjórar tóku snerpusamtöl við starfsmenn sinnar deildar fyrir áramót og gengu þau viðtöl mjög vel.

Leikskólastjóri tók síðan starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk í mars og apríl þar sem áherslan var lögð á að ræða m.a. líðan, samvinnu við samstarfsfólk, hvað gengur vel og hvað mætti ganga betur í starfinu.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Við höfum verið dugleg að efla faglegt starf í vetur og höfum sótt ýmis námskeið. Hér eru yfirlit yfir það helsta sem við gerðum.
September: Guðrún Alda Harðardóttir frá Aðalþingi kom með fræðslu um matsal fyrir börn á leikskólaaldri.
Nóvember: Anna Sif aðstoðarleikskólastjóri var með fyrirlestur um Barnavernd og hvernig við vinnum með slíkt mál sem koma upp á leikskólanum.
Mars: Fórum við í heimsókn í leikskólana Lyngheima, Ungbarnaleikskólans Hallgerðargötu og Rauðhóls, og fengum kynningu á starfi þeirra.
Maí: Þá fórum við í námsferð til Selfoss. Það fórum við á útkennslunámskeiðið Færinu til framtíðar og fórum í heimsókn í leikskólann Jötunheima.

Á komandi skólaári verður megináhersla lögð á vinnu við gerð námskrá fyrir leikskólann. Markmiðið er að móta sameiginlega sýn á starf leikskólans og skýra enn frekar hvernig unnið er með nám, leik, velferð og þroska barna í daglegu starfi.
Starfsfólk mun taka virkan þátt í vinnunni og nýta þá þekkingu og reynslu sem býr innan leikskólans. Námskráin verður leiðarljós í starfi okkar og stuðlar að samræmdri og faglegri framkvæmd skólastarfsins. Vinnan við námskrána verður því eitt af stærstu og mikilvægustu verkefnum skólaársins og mun leggja grunn að áframhaldandi þróun leikskólans á næstu árum.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börn leikskólans hafa heimsótt Vogaskóla reglulega á þessu skólaári og stefnt er að því að halda því samstarfi áfram á næsta skólaári. Markmið heimsóknanna er að auðvelda börnunum flutninginn yfir í grunnskólann og kynna þeim umhverfi og starfshætti skólans.

Leikskólinn hefur einnig átt gott samstarf við Steinahlíð. Börnin hafa heimsótt starfsemina þar reglulega og meðal annars fengið aðgang að matjurtagarði þeirra.

Endanleg áætlun um samstarfið við Vogaskóla á næsta skólaári liggur ekki fyrir, en deildarstjóri Bala mun funda með fulltrúum skólans í september þar sem samstarfið og heimsóknir vetrarins verða skipulagðar.

7. Foreldrasamstarf

Foreldrafélag Ævintýraborgar Vogabyggðar er virkt og gegnir mikilvægu hlutverki í leikskólasamfélaginu. Á skólaárinu sátu fimm foreldrar í stjórn félagsins og stóðu að fjölbreyttum viðburðum fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Í desember skipulagði foreldrafélagið piparkökumálun og greiddi jafnframt fyrir leiksýninguna *Pönnukakan hennar Grýlu* eftir Bernd Ogrodnik. Í júní fengu börnin heimsókn frá Krakkahestum þar sem öllum gafst kostur á að fara á hestbak. Foreldrafélagið lauk síðan skólaárinu með glæsibrag með því að leigja hoppukastala fyrir sumarhátíð leikskólans. Við erum afar þakklát fyrir þann stuðning og metnað sem foreldrafélagið sýnir starfi leikskólans.

8. Skipulagsdagar

24.ágúst 2026

27.nóvember 2026 – sameiginlegur

12. febrúar 2027

23.apríl 2027

26.apríl 2027

27.apríl 2027 – sameiginlegur

9. Innra mat deilda og sérkennslu 2025-2026

9.1 Innra mat Útskálar 2025-2026



Aðlögun yngstu barnanna gekk almennt vel, þó að hún hafi tekið tíma hjá okkur. Á Útskálum voru sjö börn fædd árið 2023 og sex börn fædd árið 2024. Aðlögun var skipulögð þannig að fjögur til fimm börn hófu hana á tveggja vikna fresti, sem reyndist vel og studdi við farsæla aðlögun.

Í starfinu var lögð áhersla á jóga, könnunarleik og útinám.

Í jógastundum voru börnin í smærri hópum, fjögur til fimm í senn. Unnið var með jógaspjöld frá Hugarfrelsi sem eru aðgengileg, sjónræn og hvetjandi fyrir börn. Áhugi barnanna á þessum stundum var mikill. Í könnunarleik voru börnin einnig í litlum hópum. Þar fengu þau tækifæri til að vinna með opinn efnivið og rannsaka á eigin forsendum án beinnar stýringar fullorðinna, sem styður við sjálfstæði og sköpun barnanna. Starfsfólk gerði markvissar skráningar bæði myndrænar og skriflegar og fór reglulega yfir.

Mikil áhersla var lögð í vetur á útinám og veru í fersku lofti. Börnin fóru daglega út að minnsta kosti einu sinni, og oftar þegar aðstæður leyfðu. Jafnframt voru reglulega farnar göngu- og hjólaferðir í nærumhverfinu. Þessi þáttur er mikilvægur hluti af starfinu og nýtur mikilla vinsælda meðal barnanna þar sem nærumhverfið var nýtt til að rannsaka og upplifa.



9.2 Innra mat Vík 2025-2026



Aðlögun yngstu barnanna gekk vel, þó hún hafi tekið nokkuð langan tíma. Í Vík eru 16 börn í árgangi 2023. Fimm börn hófu aðlögun á tveggja vikna fresti. Í tveggja ára barnahópnum einbeittum við okkur að því að byggja upp góð tengsl við kennara og önnur börn. Við lékum saman og lögðum áherslu á leiki sem efla fínhreyfiþroska. Við lögðum einnig mikla áherslu á könnunarleik, þar sem börnin skoða hluti sem þau þekkja og nota þá í leik. Jóga var einnig hluti af starfinu, þar sem börnin fá tækifæri til að kynnast líkama sínum betur og vinna með hann. Nánast frá upphafi skiptum við árganginum í tvo hópa, þannig að barnahópurinn væri minni og þar með skapist betri skilyrði fyrir samveru og einbeitingu.



Við leggjum einnig mikla áherslu á útinám og veru á fersku lofti. Á hverjum degi förum við að minnsta kosti einu sinni út, og oftar þegar veður leyfði. Auk þess förum við reglulega í göngu- og hjólatúra í nærumhverfinu. Þessi þáttur er mjög mikilvægur í starfinu okkar og er án efa einn af uppáhaldsliðum barnanna.

9.3 Innra mat Strönd 2025-2026



Á deildinni voru tveir árgangar, börn fædd 2022 og 2023, og gekk starfið í heild mjög vel. Aðlögun nýrra barna gekk sérstaklega vel og lögð var áhersla á að skapa öruggt og hlýtt umhverfi þar sem hvert barn fékk að aðlagast á sínum hraða. Hópastarf var stór þáttur í starfinu og fór það fram einu sinni í viku. Börnunum var skipt í fjóra hópa eftir aldri og getu, sem gerði okkur kleift að mæta þörfum hvers og eins betur. Hóparnir rúlluðu á milli verkefna svo allir fengu tækifæri til að kynnast fjölbreyttu starfi.

Í hópastarfinu var unnið með þrjá meginþætti: Málörvun með Lubba, þar sem börnin kynnast stöfum og hljóðum á leikrænan og skemmtilegan hátt. Með því efldist málþroski þeirra og færni í að tengja saman hljóð og bókstafi. Numicon, sem er leikjamiðað stærðfræðikerfi, sem notað er til að kenna



tölur og talnaskilning. Börnin lærðu að telja og þekkja mynstur í gegnum leik og spil, sem gerði námið bæði lifandi og aðgengilegt. Hreyfing og jóga voru einnig mikilvægir þættir í starfinu. Í jógatímum fengu börnin tækifæri til að slaka á og styrkja bæði líkama og huga. Lögð var áhersla á að herma eftir náttúrunni, til dæmis með því að taka sér stöður sem minna á dýr eða fjöll, sem hjálpaði börnunum að ná betra jafnvægi og líkamsvitund.
Í heildina einkenndist starfið af góðri samvinnu, skipulagi og fjölbreyttum verkefnum sem studdu við þroska barna á margvíslegan hátt.

9.4 Innra mat Birkibær 2025-2026

Áherslur vetrarins voru útinám, jóga og læsi. Útinám gekk vel framan af vetri og var farið í fjölbreyttar gönguferðir þar sem skoðaður var gróður og umhverfi og efni fundið til að taka með í skólann og vinna áfram með. Skráningar voru gerðar af starfi barnanna hefðu jafnvel mátt vera fleiri en aðalatriðið var að vera úti kynnast náttúrunni betur og njóta hennar saman.
Unnið var með jógastundir inni í hópastarfinu og fór öll deildin tvisvar sinnum í viku í jóga. Við



notuðum spjöld frá Hugarfrelsi, bæði jóga, tilfinninga og öndunarspjöld sem henta vel og eru með myndum fyrir börnin að skoða. Þetta gekk mjög vel í vetur og börnin hafa notið þess að vera í stundunum sem eru til þess gerðar að skapa ró og kenna börnunum einfaldar jógastöður og slökun.



Við unnum með læsi á margvíslegan hátt í vetur. Við unnum með Lubba, söng, lestur bóka og spurningar út bókunum til að auka málskilning. Við höfðum söngstund í morgunsamveru og lásum svo sögur í seinni samveru ásamt því að syngja. Börnin fengu að velja sér lög í samveru að syngja og miklar framfarir urðu hjá öllum hópnum.

Einnig vorum við með „Barn vikunnar“ í vetur þar sem foreldrar sendu myndir af barninu og hvert barn fékk að sýna myndirnar sínar á skjávarpa og segja frá þeim. Þetta ýtti undir sjálfstæði barnanna, framsögn og jók almennt gleði í barnahópnum ásamt því að fá foreldra í meira samstarf með deildinni.

9.5 Innra mat Bali 2025-2026



Á Bala lögðum við áherslu á að efla málþroska barnanna, meðal annars í gegnum lestur. Í sögustundum voru lagðar fram spurningar fyrir börnin úr bókunum sem við lásum til að auka skilning þeirra á textanum og hvetja þau til að tjá sig um textann. Í samverustundum æfðum við einnig að telja, lærðum tölustafi, þá vorum við einnig með staf dagsins og leggjum áherslu á að eiga góðar samræður saman um daginn og veginn.

Við notum opinn efnivið á fjölbreyttan hátt í leik og starfi. Þar sem engin ein rétt lausn er, heldur fá börnin að skapa og prófa sig áfram. Efniviðurinn styður við ímyndunarafl, sköpun og tjáningu barnanna. Dæmi um slíkan efnivið eru segulkubbar, einingakubbar og kaplakubbar.

Til að styðja við vellíðan barnanna nýttum við jóga og dans. Þar fengu börnin tækifæri til að hreyfa sig, slaka á og kynnast betur samspili líkama og hugar. Við lögðum einnig áherslu á tilfinningar barnanna. Börnin fengu rými til að tjá sig á sinn hátt, tjá tilfinningar sínar, bæði með orðum og hreyfingu, og á sínum eigin hraða. Börnin fengu líka að taka að sér hlutverk umsjónarmanns, þar sem þau læra í gegnum reynslu og þátttöku („learning by doing“). Nýr umsjónarmaður var valinn á hverjum degi. Þetta var mjög vinsælt og börnin hlökkuðu til að fá sitt tækifæri.



Að lokum unnum við með þemaverkefni yfir mánuðinn. Þar höfum við meðal annars unnið með risaeðlur, fjölskyldur, plánetur, skrímsli, norðurljós og árstíðirnar. Við veljum þemu bæði með því að hlusta á hugmyndir barnanna og með einföldum lýðræðislegum kosningum.

9.6 Innra mat sérkennslu 2025-2026

Veturinn 2025-2026 voru hjá okkur níu börn með stuðningstíma og voru þeir tímar samtals 58 klst. á dag, eða 280 klst. á viku. Í vetur voru starfandi 2-4 sérkennarar/stuðningsaðilar sem skiptu á milli sín tíma þeirra barna með mestu stuðningsþörfina, á meðan aðrir tímar fóru inn sem auka stöðugildi á deildar.

Sérkennslustjóri sá um skipulagningu stuðningstíma og röðun starfsmanna eftir þörfum barnanna. Sérkennslan fór að mestu fram á deildum barnanna með áherslu á kennslu í gegnum leik og daglegar athafnir en fór einnig fram í minni hópum eða einstaklingskennslu utan deildar, eftir þörfum. Sérkennslustjóri sá einnig um vinnustundir stakra barna ásamt þjálfunartímum utan leikskóla.

Lausnateymisfundir voru haldnir reglulega í vetur sem hjálpuðu starfsfólki að kortleggja þarfir barna betur með aðstoð þjónustumiðstöðvar, ýmist með ráðleggingum, markmiðasetningu eða tilvísana til frekari aðstoðar.

Þegar kemur að börnum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn var þörf barnanna flokkuð af sérkennslustjóra og verkefnastjóra fjölmenningar, sem sá síðan um aukalega málörvun í allan vetur í hinum ýmsu hópum.

10. Umbótaáætlun:

10.1 Umbótaáætlun yngri deilda 2026-2027

Útskálar, Birkibær og Vogatunga

(börn fædd 2023-2025)

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Lesa minnsta kosti tvisvar á dag fyrir öll börnin	Allir starfsmenn á deildinni. Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept 2026	Maí 2027	Lesa í samveru, skipulagðar stundir til að meta árangurinn.	Líðan og áhugi barnanna. Börnin taki þátt í samverustundum og nái að fylgjast með. Tungumálaþróun allra barna
Sjálfstæði barna	Hvetja börnin til að gera sjálf, til dæmis að klæða sig sjálf og fá sér mat á diskinn.	Allir starfsmenn á deildinni. Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept 2026	Júní 2027	Deildarfundir, deildarstjórafundir	Ánægja barna, sjálfstraust
Útivera	Útivera á hverjum degi. Reglulegir göngu- og hjólatúrar.	Allir starfsmenn á deildinni. Deildarstjóri ber ábyrgð	Ágúst 2026	Júlí 2027	Hafa fasta útiveru sem hluti af deginum. Vera með skipulagðar ferðir.	Líðan og góður þroski barna
Flæði milli yngsta stigs	Opna á milli deildar að minnsta kosti einu sinni í viku.	Allir starfsmenn á deildinni. Deildarstjóri ber ábyrgð	Okt 2026	Maí 2027	Deildarfundir, mánaðarfundir milli þessara þriggja deilda	Sjálfstæði barna, búa til góð tengsl á milli barna og kennara

10.2 **Umbótaáætlun eldri deilda 2026-2027**

Strönd, Vík og Bali **(börn fædd 2021-2023)**						
UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun og læsi	Stuðla að ríkulegu mál og læsisumhverfi. Efla orðaforða, málskilning, hlustun og tjáningu með lestri bóka, söng og spilum.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Sept 2026	Maí 2027	Elstu börn, tvær bækur í mánuði verða lesnar fyrir börnin til að skapa samræður hjá elstu börnunum. Hjá yngri munu vera reglulegar lestrarstundir sem miðar að því að örva við mál og hlustun. Skráningar á málþroska og þátttöku barna í samverustundum.	Reglulegir deildarfundir til að meta árangur og þátttöku barna.
Opinn efniviður	Nýta opinn efnivið á fjölbreyttan hátt þar sem engin útkoma er rétt eða röng. Efniviðurinn sé hvetjandi, ýti undir sköpunarkraft, ímyndunarafl og tjáningu.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Sept 2026	Júní 2027	Kynna börnin fyrir mismunandi efnivið og hvetja til sköpunar og gleði sem heldur öllum möguleikum opnum. Fá börnin til þess að ræða saman og koma sjálf með hugmyndir af opnum efnivið.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangur og þátttöku barna.
Útikennsla	Reglulegar göngu- og hjólaferðir, unnið með þemu sem hafa verið skipulögð fyrir hvern mánuð út frá áhugasviði barnanna. Reglulegar skráningar bæði skriflega og með myndum.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Ágúst 2026	Júlí 2027	Skráningar úr vettvangsferðum. Myndskráning af útiveru og verkefnum.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangur og þátttöku barna.

10 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXX
XXXXX XXXXXX

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

F. h. leikskólans .....

_____

Leikskólastjóri Dagsetning


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST